

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi Syðri-Brúar, Grímsnesi.*
Í breytingunni felst að skipulagssvæðið er stækkað um 45 ha úr 120 ha í um 165 ha og lóðum fjölga um 100 en húsum um 82. Skilmálar breytast ekki, nema að því leyti, að nú er gert ráð fyrir möguleikanum á sameiginlegri fráveitu.
Samþykkt í sveitarstjórn 25. október 2007.
2. *Breyting á deiliskipulagi 3. áfanga frístundabyggðar í landi Vaðness í Grímsnesi.*
Í breytingunni felst að lóð nr. 11 við Mosabraut stækkar úr 7.241 m² í 10.591 m² út á leik- og útivistarsvæði.
Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2007.
3. *Breyting á deiliskipulagi íbúðasvæðisins Ásborgir í landi Ásgarðs í Grímsnesi.*
Í breytingunni felst að skipulagsskilmálum er breytt á þann hátt að heimilt verði að byggja hús með minni þakhalla en 14 gráður. Eftir breytingu verður leyfilegur þakhalli 0 – 45 gráður.
Samþykkt í sveitarstjórn 15. nóvember 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 26. mars 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 8. apríl 2008